

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Björn Þorvaldsson, ritari.

Alþingi  
Erindi nr. P 125/385  
komudagur 7. 12. 1999

Reykjavík 7. desember 1999

### **Svör Samkeppnisstofnunar við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur vegna sölu á hlutum í Landsbanka og Búnaðarbanka.**

Svarað er atriðum sem sérstaklega er beint til Samkeppnisstofnunar í þeirri númeraröð sem fram kemur í fyrirspurninni.

8. Viðskiptaráðherra fyrirhugar að leggja brátt fram frumvarp um breytingar á samkeppnislögum. Gert er ráð fyrir að þar verði skerpt á ýmsum ákvæðum, m.a. þeim sem lúta að afskiptum vegna misnotkunar fyrirtækja á markaðsyferráðum og íhlutun í samruna fyrirtækja.

Samkeppnisyfirvöldum er ætlað það hlutverk, á grundvelli samkeppnislaga, að efla virka samkeppni í viðskiptum. Í samkeppnislögunum er ekki gert sérstaklega ráð fyrir því að unnið sé gegn valdasamþjöppun nema að því leyti sem hún hafi skaðleg áhrif á samkeppni í formi eignasamþjöppunar við samruna eða yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði.

9. Ekki eru tiltækar upplýsingar hjá Samkeppnisstofnun um það sem um er spurt aðrar en þær sem fram koma í Skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi frá árinu 1994. Samþykkt mun hafa verið á Alþingi að láta vinna svipaða rannsókn og fyrrnefnd skýsla byggði á en þeirri vinnu mun ekki ljúka fyrr en síðla á næsta ári.

10. Eina ákvæði samkeppnislaga sem tekur sérstaklega á samþjöppun fyrirtækja er sú grein laganna sem fjallar um samruna eða yfirtöku. Þar er samkeppnisráði veitt heimild til íhlutunar leiði samruni til markaðsyferráða, hann dragi úr samkeppni og sé andstæður markmiði laganna. Að öðru leyti taka samkeppnislög ekki sérstaklega á valdasamþjöppun eða eignarhaldi á fyrirtækjum.

15. Samkeppnisyfirvöld hafa ekki lagt mat á samkeppnisaðstæður á markaðnum fyrir innlánsstofnanir. Gera má ráð fyrir því að mat á hugsanlegum áhrifum samþjöppunar á þeim markaði fari fram þegar og ef ákvörðun verður tekin um samruna fyrirtækja á honum.

Það er almennt mat samkeppnisyfirvalda að því fleiri sem fyrirtæki eru á tilteknum markaði, sem hafa burði til að keppa, því meiri líkur séu á því að virk

samkeppni fái þrifist. Virk samkeppni leiði best til þeirrar hagræðingar sem nauðsynleg er til að neytendur fái sem besta þjónustu á sem lægstu verði.

Virðingarfyllst,  
Samkeppnisstofnun,

Guðmundur Sigurðsson